

- fyrirvara.
- 2.3. Eindagi gjaldanna er 15 dögum eftir gjalddagann. Falli gjöldin í eindaga, ber notanda að greiða dráttarvexti af gjaldskuldinni frá gjalddaga til greiðsludags í samræmi við ákvæði III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari fylgir lögtaksréttur sbr. 9. gr. fjarskiptalaga nr. 73/1984 og 1. grein 3. töluliðar lögtakslaga nr. 29/1885.
 - 2.4. Frá 15. næsta mánaðar eftir gjalddagann, er heimilt að beita útilokun símasambanda gagnvart þeim notendum, sem skulda vangreidd gjöld, krónur 1 000,00 eða meira, þar til þeir hafa greitt skuld sína að fullu. Innheimt verður gjald, krónur 212,00, fyrir enduropnun símasambands.
 - 2.5. Ef ætla má vegna framkominna atvika að notandi geti ekki greitt gjaldskuldir sínar á gjalddaga þeirra, er heimilt að beita útilokun símasambanda fyrirvaralaust, nema notandi setji fullnægjandi tryggingu fyrir gjaldskuldinni og væntanlegri notkun á yfirstandandi afnotatímabili.

3. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem önnur ákvæði gilda, og skal uppsögn verða skrifleg.

XI. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 frá 1984 um fjarskipti með áorðnum breytingum samkvæmt 5. gr. laga nr. 32 frá 1993 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála með áorðnum breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34 frá 1987 og gengur í gildi 1. júní 1996. Reiknast nýju gjöldin fyrir notkun, sem fram fer 1. júní 1996 eða síðar. Jafnframt falla þá úr gildi gjaldskrár og reglur nr. 430 25. júlí 1995 ásamt auglýsingum nr. 530 12. september 1995, 615 20. nóvember 1995 og 663 22. desember 1995.

Samgönguráðuneytinu, 24. maí 1996.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

GJALDSKRÁ

Veitustofnana Hveragerðis.

B-hluti.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Veitustofnana Hveragerðis (VSH). Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu rafmagns, heits vatns og jarðgufu sbr. reglugerð fyrir VSH nr. 276/1994.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

A-HLUTA sem fjallar um almenna skilmála fyrir afhendingu raforku, heits vatns og jarðgufu á veitusvæði VSH. Í þessum hluta er einnig skilgreining á raforkutöxtum, hitaveitistöxtum, heimtauga- og heimæðagjöldum, mælaleigu, tengigjaldi og innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.

B-HLUTA sem sýnir gildandi verð fyrir raforku, heitt vatn eða jarðgufu og önnur gjöld á hverjum tíma.

2. gr. Raforkugjöld.

2.1 Almenn notkun

A.1 Almenn notkun:

Orkugjald	6,40	kr/kWh
Fast gjald 1-fasa	2.650,00	kr/ár
Fast gjald 3-fasa	5.250,00	kr/ár

A.2 Skammtímanotkun (mannvirkjagerð):

Orkugjald	8,19	kr/kWh
Fast gjald	5.250,00	kr/ár

A.3 Heimilisnotkun:

Orkugjald	6,40	kr/kWh
Fast gjald 1-fasa	2.650,00	kr/ár
Fast gjald 3-fasa	5.300,00	kr/ár

2.2 Afl- og orkunotkun

B.1 Afl- og orkumæling:

Orkugjald	2,35	kr/kWh
Aflgjald	8.400,00	kr/kWh/ár
Fast gjald	45.000,00	kr/ár

B.2 Götulýsing:

Aflgjald	11.000,00	kr/kWh/ár
Viðhaldsgjald	14.700,00	kr/kWh/ár
Samtals	25.700,00	kr/kWh/ár

2.3 Notkun til hitunar

C.1 Órofin hitun:

Orkugjald	4,60	kr/kWh
Fast gjald	12.400,00	kr/ár

C.2 Rofin hitun:

Orkugjald	2,80	kr/kWh
Fast gjald	3.000,00	kr/ár

C.3 Næturorkunotkun:

Orkugjald	2,50	kr/kWh
Fast gjald	3.000,00	kr/ár

2.4 Aðrir raforkutaxtar

D.1 Sumarnotkun apríl-október lágmark 75 kW:

Orkugjald	2,00	kr/kWh
Aflgjald	400,00	kr/kWh/ár

D.2 Garðyrkjulýsing:

Vetrarorkugjald, (okt-apríl)	2,98	kr/kWh
Sumarorkugjald, (maí-sept)	1,49	kr/kWh
Fast gjald	35.000,00	kr/ár
Aflgjald	0,00	kr/kWh/ár
Aflgjald lágmark	0,00	kr/kWh/ár

2.5 Heimtaugagjöld**E.1 Aðalheimtaugar:**

1X63A	45.000 kr.
3X63A	50.000 kr.
3X100A	82.000 kr.
3X200A	171.000 kr.
3X315A	276.000 kr.
3X400A	349.000 kr.
3X630A	549.000 kr.
3X710A	620.000 kr.
3X1200A	1.040.000 kr.

E.2 Bráðabirgðaheimtaugar:

1X63A Stofngjald	11.000 kr.
yfirlengdargjald jarðstrengur	1.350 kr/m
yfirlengdargjald loftlína	17.000 kr/stólpi
3X63A Stofngjald	15.000 kr.
yfirlengdargjald jarðstrengur	1.350 kr/m
yfirlengdargjald loftlína	21.000 kr/stólpi
3X100A Stofngjald	17.000 kr.
yfirlengdargjald jarðstrengur	1.750 kr/m
yfirlengdargjald loftlína	26.000 kr/stólpi

2.6 Mælaleiga

Leigugjöld fyrir önnur mælitæki en sölumæla:

Orkumælir einfasa	656 kr/ár
Orkumælir þrífasa	2.625 kr/ár
Orkumælir þrífasa m.straumsp.	5.250 kr/ár
Orkumælir þrífasa m.klukkur.	5.250 kr/ár
Aflmælir	5.250 kr/ár
Aflmælir m. straumspennum	7.875 kr/ár

2.7 Álestrargjald

Fyrir aukaálestur á orkusölumæli	500 kr/skipti
--	---------------

2.8 Innheimtugjald

Innheimtugjald rafveitu	450 kr.
-------------------------------	---------

2.9 Lokunargjald

Lokunargjald rafveitu	1.500 kr.
-----------------------------	-----------

3. gr.**Gjöld fyrir heitt vatn og jarðgufu.****3.1 Notkun á heitu vatni og jarðgufu****H.1 Almenn notkun:**

Vatnsgjald	225 kr/m ² húss/ár
Fast gjald	5.340 kr/ár

H.2 Garðyrkjunotkun:

Vatnsgjald	225 kr/m ² húss/ár
Fast gjald	13.356 kr/ár
Vatnsgjald er reiknað af nýtanlegu flatarmáli húss sbr. reiknireglur FMR.	

3.2 Heimæðagjöld**I.1 Hús minni en 2.000 m³:**

Fast gjald	90.000 kr.
Rúmmetrar umfram 600 m ³	60 kr/m ³

(Umframrúmmetragjald reiknast ekki á einbýlis-, rað- og parhús)

I.2 Hús stærri en 2.000 m³:

Fast gjald	174.000 kr.
Rúmmetrar umfram 600 m ³	40 kr/m ³

3.3 Innheimtugjald

Innheimtugjald hitaveitu	450 kr.
--------------------------------	---------

3.4 Lokunargjald

Lokunargjald hitaveitu	1.500 kr.
------------------------------	-----------

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

Skammstafanir:

<i>Tákn</i>	<i>Eining</i>	<i>Skýring</i>
A	amper	straumur
kW	kílóvatt	afl
kWh	kílóvattstund	orka
ML	mínútulítrar	rennsli

4. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi, B hluti, staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi 1. júní 1996 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli, jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis B-hluti með áorðnum breytingum nr. 279, 19. maí 1994.

Iðnaðarráðuneytinu, 22. maí 1996.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Steinunn Bjarmann.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins nr. 410/1989.**

1. gr.

8. gr. orðast svo:

1. mgr. Ættleiðandi móðir, uppeldis- eða fósturmóðir, sbr. 5. gr. laga um fæðingarorlof nr. 57/1987, á rétt á 6 mánaða leyfi með þeim dagvinnulaunum, sem stöðu hennar fylgja vegna töku barns yngra en 5 ára.

2. mgr. Sé um fleiri en eitt barn yngri en 5 ára að ræða í sömu fósturráðstöfun eða ættleiðingu, framlengist leyfið um 1 mánuð fyrir hvert barn umfram eitt.